

Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi á árinu 1995.

Á þessu ári stækkaði Hellisskógur um 72 ha þegar viðbótarlandið sem fékkst með samningnum 1994 var girt. Einnig var fyrstu plöntunum plantað í svæðið. Sumarið 1995 var svipað fyrirkomulag á starfinu og undanfarin ár. Félagsmenn unnu tvö kvöld við plöntun, umhirðu og áburðargjöf. Einnig starfaði vinnuflokkur (3-5 manns) launaður af atvinnuleysisstryggingasjóði við plöntun og áburðargjöf tímabilið 12. júní - 11. ágúst. Davíð Kristjánsson sá um verkstjórn í vinnuflokknum. Örn Óskarsson var starfsmaður skógræktarfélagsins og sinnti framkvæmdastjórn í Hellisskógi, ásamt skipulagsvinnu og eftirliti.

Vöxtur var góður í lauftrjám en sígrænn gróður var lengi í gang í sumar og vöxtur frekar lítinn.

Helstu framkvæmdir í Hellisskógi 1995.

- 1) **Plöntun.** Alls var plantað um 22300 plöntum í Hellisskóg 1995. Félagsmenn plöntuðu 1. júní í trjásafnsreit (Júllareitur). Plantað var 15 sitkagreniplöntum, 3



lindifurum, 3 fjallapinum, 5 sitkælritrjám, 5 blæöspum, 5 gljávíðiplöntum, 15 hreggstaðavíðiplöntum, 15 viðjum, 10 ólavíðiplöntum og 20 jörvavíðiplöntum (skessa og skolli). Einnig voru 27 sitkagrenitré flutt til.

Plantað í trjásafnsreit


Vinnulokkurinn plantaði 10400 birkiplöntum (fp) upp við Biskupstungnabraut og 11375 víðiplöntum (ýmis kvæmi) í skjólbelti á nýja svæðinu.

Að auki plöntuðu félagssamtök í reitina sína og Kíwaniskarlar plöntuðu 100 víðiplöntum í Hellisgili 13. júní. Barnaskólakrakkar plöntuðu birki í reit við Hellisbrú í

maílok.

Starfsmaður félagsins plantaði stafafuru (fp) - 300 stk í reit meðfram Ölfusá, í Hellisgili og í Hádegisholt (vestast á nýja svæðinu). Þessar plöntur voru ræktaðar af fræi sem safnað var af stafafurunní í landi Selfossbæjar á Snæfoksstöðum 1993.

- 2) **Áburðardreifing og umhirða.** Félagsmenn reittu gras frá sitkagreni og báru á reiti við Grímskletta og Ölfusá 8. júní. Vinnuflokkurinn bar á stóran hluta af eldri plöntum. Reitt var frá sitkagreni og furuplöntum samhliða áburðardreifingu. Alls var dreift 1700 kg af blákorni (34 pokar).
- 3) **Jarðvinnsla.** Gísli í Byggðarhorni tætti fyrir skjólbeltum í júní og í júlí plægði hann skjólbelti fyrir næsta ár.



- 4) **Girðing.** Í júnílok kom Heiðar Jónsson með girðingarflokk og girti af nýja svæðið. Vinnuflokkur skógræktarfélagssins sá um að fjarlægja gamlar girðingar á svæðinu og aðstoðaði við uppsetningu og frágang á þeirri nýju. *Ný girðing við Biskupstungnabraut*
- 5) **Brúarsmíði og prílur.** Tvær 8 m langar göngubrýr voru smíðaðar yfir skurði á Hellisbrú uppundir Biskupstungnabraut. Þar var sett príla á nýju girðinguna og þar með er Hellisbrúin orðin greiðfær gangandi fólki. Annari prílu var komið fyrir ofan við Einholt. Þetta voru hvort tveggja gamlar prílur af eldri girðingum.
- 6) **Smölun.** Alloft komust hross (2-12) af Laugabakkalandi inn í Hellisskóg. Þau óðu útfyrir girðingarendann í Ölfusá. Starfsmenn Selfossbæjar girtu upp með ánni Laugarbakkamegin. Milli Gilsholts og Arnarholts, og þar með var hrossavandinn að mestu úr sögunni. Hrossin skemmdu göngustíga og brutu brýr ásamt því að éta ofan af trjágróðri. Kindur sluppu einnig innfyrir á meðan á girðingurvinnunni stóð.

- 7) **Trjámælingar.** Úlfur Óskarsson ofl. mældu tilraunaaspirnar frá 1995 tvisvar sumarið 1995. Þetta er liður í tilraunaverkefni og er félaginu algjörlega að kostnaðarlausu.
- 8) **Könglatínsla á Snæfoksstöðum.** Þann 22. október mættu 20 félagsmenn í stafafurulundinn frá 1994 ofan við Nautavakir á Snæfoksstöðum og söfnuðu könglum í tvo stóra poka. Fræmagn var talsvert í könglunum en frægæðin léleg (lítil fræhvíta). Böðvar Guðmundsson sá um að þurrka könglana og kom fræjunum í hreinsun.

Selfoss í desember 1995
Örn Óskarsson